

10
5. maí

L Ö G

um stríðsgróðaskatt.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skal leggja á og innheimta sérstakan stríðsgróðaskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ef skattskyldar tekjur nema 50000—75000 kr., greiðist 4% af því, sem er umfram 50000 kr.

Af 75000—100000 kr. greiðist	1000 kr. af	75000 kr. og	10 % af	afganginum
— 100000—125000 — —	3500 — —	100000 — —	15 — —	— —
— 125000—150000 — —	7250 — —	125000 — —	20 — —	— —
— 150000—175000 — —	12250 — —	150000 — —	25 — —	— —
— 175000—200000 — —	18500 — —	175000 — —	30 — —	— —
— 200000 og þar yfir —	26000 — —	200000 — —	35 — —	— —

2. gr.

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur, og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 40% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur 40% af niðurjöfnuðum útsvörum í sveitarfélaginu á því ári.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir 6% — sex af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkvæmt 2. gr. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem til fellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1941, miðað við tekjur ársins 1940.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.